

Reglur um endurskoðun vöruúrvals á grundvelli söluárangurs

1. gr.

Söluárangur

Söluárangur vara er metinn reglulega með það að markmiði að fella úr sölu vörur sem skila minnstri framlegð innan hvers vöruflokks og koma nýjum vörum að í sölu.

Söluárangur er uppsöfnuð framlegð vöru á tilteknum tíma. Framlegð við mat á söluárangri er mismunur á söluverði og innkaupsverði vöru að meðtöldum flutningskostnaði og áfengisgjöldum og að frádregnum virðisaukaskatti.

Söluárangur allra vara sem hafa verið í sölu í 4 mánuði eða lengur í viðkomandi vöruflokki er metinn í hvert skipti. Við mat á söluárangri raðast vörur innan hvers vöruflokks í sæti eftir árangri. Efst sú vara sem skilar hæstri heildarframlegð á tímabilinu og neðst sú vara sem lægstri framlegð skilar. Þær vörur sem skipa sæti fyrir neðan þau fjöldaviðmið sem tilgreind eru fyrir hvern vöruflokk falla úr sölu. Í töflu grunnvöruúrvals (tafla 1) má sjá yfirlit yfir vöruflokka og fjöldaviðmið hvers flokks.

2. gr

Mat á söluárangri grunnvöruúrvals

Söluárangur er metinn að minnsta kosti tvisvar á ári fyrir hvern vöruflokk. Í töflu 3, mat á söluárangri, má sjá hvenær söluárangur er metinn fyrir hvern vöruflokk. Matstímabil er sá tími sem liggur til grundvallar hvers mats á söluárangri og er að lágmarki 4 mánuðir eða tímabilið síðan söluárangur vöruflokksins var síðast metinn.

Þær vörur sem halda sæti sínu í vörufloknum skipa grunnvöruúrval þar til söluárangur vöruflokksins er næst metinn.

[Ef seljandi hefur tilkynnt um afhendingardrátt á vöru, sem falla ætti úr vöruvali á grundvelli söluárangurs, er heimilt að setja viðkomandi vöru í bið þar til varan kemur aftur í sölu. Skilyrði fyrir því að vara sé sett í bið eru að varan sé að jafnaði ofar í söluárangri en 60% af vörum í viðkomandi flokki og fyrir liggja góðar og gildar ástæður fyrir afhendingardrætti, svo sem vandamál tengd framleiðslu, að framleiðsla og dreifing sé takmörkuð o.fl. Seljandi skal leggja fram staðfestingu frá framleiðanda fyrir afhendingardrætti sé þess óskað.]

Niðurstöður mats á söluárangri eru birtar á innkaupavef Fríhafnarinnar. Birtur er númeralisti þar sem vörum er raðað eftir uppsafnaðri framlegð. Efst sú vara sem hæstri framlegð skilar á tímabilinu. Þær vörur sem ekki skipa grunnvöruúrval eftir mat á söluárangri falla úr sölu.

3. gr

Mat á söluárangri sérvöruflokks

Söluárangur vara í sérvöruflokki er metinn á tólf mánaða fresti. Vörur í sérvöruflokki þurfa að skila að lágmarki 120.000 kr í uppsafnaða framlegð á síðasta 12 mánaða tímabili. Ef uppsöfnuð framlegð vöru er lægri fellur varan úr vöruvali.

4. gr

Mat á söluárangri tímabundins vöruúrvals

Vörur í tímabundinni sölu falla úr sölu að sölutímabili loknu. Söluárangur á síðastliðnu sölutímabili ræður vali á tilboðum fyrir næsta sölutímabil, sbr. reglur um vöruúrval og dreifingu. Ef vara í tímabundinni sölu, sem framleidd er í takmörkuðu upplagi, selst upp áður en sölutímabili lýkur er söluárangur vörunnar ákvarðaður fyrir tímabilið í heild sinni í réttu hlutfalli af söluárangri vörunnar á þeim tíma sem hún var í vöruvali.

5. gr

Vara fellur úr vöruvali

Þegar vara fellur úr vöruvali Fríhafnarinnar eftir mat á söluárangri eru innkaup á henni stöðvuð og mótteknar vörubirgðir seldar upp. Innkaupasamningur fyrir viðkomandi vöru fellur úr gildi án frekari fyrirvara eða tilkynningar þegar mótteknar vörubirgðir klárast.

6. gr

Breytingarákvæði

Ef breytingar verða á reglum þessum eru þær tilkynntar með minnst mánaðar fyrirvara.

Reglur þessar eru settar með vísan til reglugerðar, nr. 1101/2022, um vöruval og innkaup tollfrjálsra verslana á áfengi.

Reglur þessar öðlast gildi 01.06.2023.

Keflavíkurflugvöllur, 01.05.2023,

Þorgerður Þráinsdóttir